# FLUGTÖLUR

## Ísland 2003

### Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

## FLUGFLOTI




Í árslok 2003 voru 376 loftför skráð á Íslandi á móti 369 árið áður sem er 1,9% aukning. Þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) fjölgaði um 13, léttum flugvélum (undir 5.700 kg) fækkaði um 8, svifflugum fjölgaði um 1 og þyrlum um 1. Síðastliðinn áratug hefur þungum loftförum fjölgað mest eða um 13,4% að meðaltali á ári en um 12,4% á ári undanfarin fimm ár.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA*




Gild skírteini einstaklinga í árslok voru 2.223 en það er um 1,4% aukning frá árinu áður. Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: atvinnuflugmenn 686, einkaflugmenn 593, flugvéltæknar 340, flugnemar 119, flugumferðarstjórar 108, flugumsjónamenn 52, svifflugmenn 49 og flugvélstjórar 26. Á árinu fjölgaði sviflugmönnum um 8,9%, flugumferðarstjórum um 8,0%, flugvéltæknum um 7,3%, flugumsjónarmönnum og flugvélstjórum um 4,0% og atvinnuflugmönnum um 3,0%. Hins vegar fækkaði flugnemum um 19,0% og einkaflugmönnum um 3,1%. Síðastliðinn áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 3,0%, að meðaltali á ári. Meðaltalsfjölgun undanfarin fimm ár var 1,2% á ári.

* Blindflugs- og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 2003 fóru 78.642 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið en það er 1,0% minna en árið áður, en þá voru vélarnar 79.460. Umferðin á árinu skiptist þannig: atvinnuflug var 87,5%, herflug 5,3% og til almannaflugs taldist 7,2%. Síðastliðinn áratug hefur úthafsflugumferð aukist um 2,2% að meðaltali á ári, en minnkað um 0,9% á ári sl. fimm ár.

## FARÞEGAR INNANLANDS




Farþegar í innanlandsflugi voru 355.700 sem er 5,9% aukning frá árinu áður en þá voru þeir 335.935. Farþegum fjölgaði mest á Egilsstöðum eða um 34,5%, um 5,5% í Reykjavík, 5,0% á Akureyri, 3,1% á Ísafirði og um 1,3% á Bakka. Farþegum fækkaði mest á Hornafirði eða um 22,7%, um 12,0% á Sauðárkróki, 8,5% í Vestmannaeyjum og 2,0% á öðrum flugvöllum. Síðastliðinn áratug hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað að meðaltali um 1,3% á ári en síðastliðin fimm ár hefur þeim þó fækkað um 4,2% að meðaltali á ári.

## FARÞEGAR OG FARÞEGA-KÍLÓMETRAR




Borgandi farþegar í skráðum ísl. loftförum um allan heim voru 4,3 millj. árið 2000. Þeim fækkaði um 10,1% árið 2001 í 3,8 millj. farþega og fjölgaði síðan aftur í rúmar 4 millj. farþ. árið 2002 eða um 4,1%. Árið 2003 fækkaði þeim í 3,7 millj. farþega eða um 7,9%. Fjöldi greiddra farþegakílómetra er fjöldi borgandi farþega á hverri flugleið margfaldaður með lengd flugleiðarinnar. Áætluð tala fyrir árið 2000 er um 10 milljarðar km. Þeim fjölgaði árið 2001 í 10,8 millj. eða um 8,2% en fækkaði árið 2002 í 10,5 millj. eða um 2,5%. Árið 2003 fækkaði þeim síðan í 9,3 millj. eða 12%. Tölurnar eru úr skýrslum íslenskra flugrekstraraðila „Skýrsla um flug með hreyfilknúnum loftförum".

## FARÞEGAR MILLI LANDA




Millilandafarþegar voru 1.404.552 sem er 12,7% meira en árið áður. Mestur hluti þeirra fór um Keflavík eða 97,4%. Millilandafarþegum fjölgaði mest á Akureyri eða um 381% en beint flug var til Kaupmannahafnar hluta ársins. Farþegum milli landa fjölgaði um 12,2% í Keflavík, 8,1% í Reykjavík og um 5,8% á Egilsstöðum. Síðastliðinn áratug hefur millilandafarþegum fjölgað um 6,6% að meðaltali á ári en 2,8% á ári síðastliðin fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Árið 2003 voru flutt 1.351 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi sem er 2,7% eða 38 tonnum minna en árið áður. Á árinu voru flutt 1.297 tonn af vörum sem er aukning um 1,1% eða 14 tonn og 55 tonn af pósti sem er samdráttur um 48,5% eða 51 tonn. Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 6,4% á ári sl. áratug og um 1,1% á ári sl. fimm ár.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi drógust saman um 3,0% árið 2003 og námu samtals 42.685 tonnum. Það er um 1.315 tonnum minna en árið áður. Á árinu voru flutt 40.828 tonn af vörum og 1.857 tonn af pósti. Vöruflutningar drógust saman um 3,0% eða 1.253 tonn og póstflutningar um 3,3% eða rúmlega 62 tonn. Síðastliðinn áratug hefur heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflugi aukist um 11,0% að meðaltali á ári og um 10,0% sl. fimm ár.

## FLUGHREYFINGAR**




Flughreyfingar (flugtök og lendingar) voru 168.619, þar af 144.298 í innanlandsflugi og 24.321 í millilandaflugi. Samdráttur var 3,2% miðað við árið áður. Í innanlandsflugi fjölgaði flughreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 1,6% en þær voru 48.033, snertilendingar (æfingalendingar) voru 61.463 sem er 11,2% samdráttur og aðrar hreyfingar voru 34.802 eða 1,2% fleiri en árið áður. Í millilandaflugi fjölgaði hreyfingum í áætlunar- og leiguflugi um 7,7% en hreyfingum í öðru flugi fækkaði um 3,1%.

**Snertilending telst sem tvær hreyfingar. Herflug er innifalið.

1. tbl. 11. árgangur. Útgefið júlí 2004

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

www.flugmalastjorn.is

# FLUGTÖLUR

## Ísland 2003

### Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

**ÍSLENSK LOFTFÖR Á SKRÁ 1994-2003**

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1994 | 22 | 257 | 29 | 5 | 313 | -1,9% |
| 1995 | 30 | 259 | 29 | 6 | 324 | 3,5% |
| 1996 | 35 | 259 | 31 | 5 | 330 | 1,9% |
| 1997 | 41 | 255 | 31 | 5 | 332 | 0,6% |
| 1998 | 45 | 254 | 32 | 5 | 336 | 1,2% |
| 1999 | 46 | 259 | 33 | 5 | 343 | 2,1% |
| 2000 | 50 | 260 | 33 | 5 | 348 | 1,5% |
| 2001 | 60 | 263 | 32 | 5 | 360 | 3,4% |
| 2002 | 67 | 264 | 33 | 5 | 369 | 2,5% |
| 2003 | 80 | 256 | 34 | 6 | 376 | 1,9% |

**SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 1994-2003***

| Ár | Útgefin | Endurnýjuð | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| 1994 | 221 | 115 | 1.600 | -5,0% |
| 1995 | 228 | 234 | 1.634 | 2,1% |
| 1996 | 324 | 349 | 1.738 | 6,4% |
| 1997 | 416 | 382 | 1.843 | 6,0% |
| 1998 | 702 | 174 | 2.102 | 14,1% |
| 1999 | 594 | 154 | 2.208 | 5,0% |
| 2000 | 461 | 238 | 2.054 | -7,0% |
| 2001 | 426 | 329 | 2.064 | 0,5% |
| 2002 | 561 | 365 | 2.193 | 6,3% |
| 2003 | 499 | 221 | 2.223 | 1,4% |

* Blindflugs-og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.

**SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 2003**

| Tegund skírteinis | Útgefin | Endurnýjuð | Í gildi | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 45 | 45 | 374 | 5,1% | 16,8% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 8 | 2 | 16 | 23,1% | 0,7% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 27 | 31 | 290 | -0,3% | 13,0% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 1 | 0 | 6 | 0,0% | 0,3% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 54 | 88 | 584 | -3,5% | 26,3% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 3 | 3 | 9 | 28,6% | 0,4% |
| Flugnemar | 49 | 6 | 119 | -19,0% | 5,4% |
| Flugumferðarstjórar | 5 | 10 | 108 | 8,0% | 4,9% |
| Flugumsjónarmenn | 3 | 10 | 52 | 4,0% | 2,3% |
| Flugvélstjórar | 1 | 1 | 26 | 4,0% | 1,2% |
| Flugvéltæknar | 0 | 19 | 340 | 7,3% | 15,3% |
| Flugvéltæknar JAR-66 | 49 | Er inni í heildartölu flugvéltækna - aðgreining hófst á árinu 2002 | | | |
| Fullgildingar | 250 | 0 | 250 | 8,2% | 11,2% |
| Svifflugmenn | 4 | 6 | 49 | 8,9% | 2,2% |
| **Alls** | **499** | **221** | **2.223** | **1,4%** | **100,0%** |

**UMFERÐ UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ 1994-2003**

| Ár | Til/frá Íslandi | Yfirflug | Fjöldi ferða | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1994 | 18.706 | 49.973 | 68.679 | 5,7% |
| 1995 | 20.940 | 45.352 | 66.292 | -3,5% |
| 1996 | 22.382 | 49.249 | 71.631 | 8,1% |
| 1997 | 23.162 | 50.193 | 73.355 | 2,4% |
| 1998 | 25.282 | 58.013 | 83.295 | 13,6% |
| 1999 | 26.028 | 58.977 | 85.005 | 2,1% |
| 2000 | 26.910 | 65.775 | 92.685 | 9,0% |
| 2001 | 25.378 | 61.959 | 87.337 | -5,8% |
| 2002 | 22.606 | 56.854 | 79.460 | -9,0% |
| 2003 | 23.517 | 55.125 | 78.642 | -1,0% |

**SKIPTING UMFERÐAR UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVÆÐIÐ 1994-2003**

| Ár | Atvinnu-flug | Almanna-flug | Herflug | Samtals | Hlutfall atvinnufl. | Hlutfall almannafl. | Hlutfall herflugs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1994 | 57.160 | 5.086 | 6.433 | 68.679 | 83,2% | 7,4% | 9,4% |
| 1995 | 54.338 | 5.130 | 6.824 | 66.292 | 82,0% | 7,7% | 10,3% |
| 1996 | 58.824 | 5.191 | 7.616 | 71.631 | 82,1% | 7,2% | 10,6% |
| 1997 | 61.343 | 5.671 | 6.341 | 73.355 | 83,6% | 7,7% | 8,6% |
| 1998 | 70.913 | 5.787 | 6.595 | 83.295 | 85,1% | 6,9% | 7,9% |
| 1999 | 73.475 | 5.282 | 6.248 | 85.005 | 86,4% | 6,2% | 7,4% |
| 2000 | 81.666 | 5.703 | 5.316 | 92.685 | 88,1% | 6,2% | 5,7% |
| 2001 | 76.538 | 5.528 | 5.271 | 87.337 | 87,6% | 6,3% | 6,0% |
| 2002 | 69.013 | 5.609 | 4.838 | 79.460 | 86,9% | 7,1% | 6,1% |
| 2003 | 68.838 | 5.669 | 4.135 | 78.642 | 87,5% | 7,2% | 5,3% |

**INNANLANDSFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2003****

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 321.507 | 5,5% | 45,2% |
| Akureyri | 162.873 | 5,0% | 22,9% |
| Egilsstaðir | 83.747 | 34,5% | 11,8% |
| Vestmannaeyjar | 45.156 | -8,5% | 6,3% |
| Ísafjörður | 40.060 | 3,1% | 5,6% |
| Bakki | 25.615 | 1,3% | 3,6% |
| Hornafjörður | 8.260 | -22,7% | 1,2% |
| Sauðárkrókur | 8.392 | -12,0% | 1,2% |
| Aðrir flugvellir | 15.790 | -2,0% | 2,2% |
| **Alls** | **711.400** | **5,9%** | **100,0%** |

** Heildarfjöldi farþega sem um flugvöllinn fara, þ.e. bæði komu- og brottfararfarþegar.

**MILLILANDAFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2003**

| Flugvöllur | Brottfarar-/ komufarþegar | Áningar-/ skiptifarþegar | Samtals | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 1.156.592 | 211.904 | 1.368.496 | 12,2% | 97,4% |
| Reykjavík | 25.289 | | 25.289 | 8,1% | 1,8% |
| Akureyri | 9.129 | | 9.129 | 381,0% | 0,6% |
| Egilsstaðir | 1.484 | | 1.484 | 5,8% | 0,1% |
| Aðrir flugv | 154 | | 154 | 275,6% | 0,0% |
| **Alls** | **1.192.648** | **211.904** | **1.404.552** | **12,7%** | **100,0%** |

**VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR INNANLANDS UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2003*****

| Flugvöllur | Vörur/Tonn | Póstur/Tonn | Samtals/Tonn | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.221,7 | 18,4 | 1.240,1 | -5,5% | 45,9% |
| Akureyri | 552,5 | 0,5 | 553,0 | -2,7% | 20,5% |
| Egilsstaðir | 246,3 | 0,0 | 246,3 | 24,0% | 9,1% |
| Ísafjörður | 159,2 | 0,0 | 159,2 | 4,1% | 5,9% |
| Vestmannaeyjar | 120,6 | 18,4 | 139,0 | -10,8% | 5,1% |
| Bíldudalur | 49,0 | 66,2 | 115,2 | -9,6% | 4,3% |
| Vopnafjörður | 101,4 | 0,0 | 101,4 | 5,4% | 3,8% |
| Hornafjörður | 44,7 | 0,0 | 44,7 | -22,3% | 1,7% |
| Aðrir flugvellir | 98,3 | 5,6 | 104,0 | -4,3% | 3,8% |
| **Alls** | **2.593,8** | **109,2** | **2.703,0** | **-2,7%** | **100,0%** |

*** Heildarflutningar um hvern flugvöll.

**VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR MILLI LANDA UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2003**

| Flugvöllur | Vörur/Tonn | Póstur/Tonn | Samtals/Tonn | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 40.554,0 | 1.832,0 | 42.386,0 | -3,1% | 99,3% |
| Reykjavík | 183,0 | 24,7 | 207,6 | 0,7% | 0,5% |
| Akureyri | 91,1 | 0 | 91,092 | 0 | 0,2% |
| **Alls** | **40.828,1** | **1.856,7** | **42.684,7** | **-3,0%** | **100,0%** |

**FLUGHREYFINGAR INNANLANDS Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2003**

| Flugvöllur | Áætlunar-/ leiguflug | Annað flug | Snerti-lendingar | Samtals | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 13.242 | 20.009 | 25.336 | 58.587 | -0,9% | 40,6% |
| Keflavík | 139 | 5.129 | 30.587 | 35.855 | -16,1% | 24,8% |
| Akureyri | 6.026 | 4.224 | 4.510 | 14.760 | 0,2% | 10,2% |
| Vestmannaeyjar | 10.974 | 1.998 | 272 | 13.244 | -0,4% | 9,2% |
| Bakki | 8.936 | 754 | 290 | 9.980 | 22,6% | 6,9% |
| Egilsstaðir | 2.491 | 858 | 158 | 3.507 | 3,5% | 2,4% |
| Ísafjörður | 1.418 | 700 | 36 | 2.154 | -12,2% | 1,5% |
| Hornafjörður | 865 | 344 | 118 | 1.327 | -59,1% | 0,9% |
| Sauðárkrókur | 804 | 310 | 156 | 1.270 | -6,7% | 0,9% |
| Aðrir flugvellir | 3.138 | 476 | 0 | 3.614 | -5,0% | 2,5% |
| **Alls** | **48.033** | **34.802** | **61.463** | **144.298** | **-4,4%** | **100,0%** |

**FLUGHREYFINGAR MILLI LANDA Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2003**

| Flugvöllur | Áætlunar-/ leiguflug | Annað**** flug | Samtals | Breyting 03/02 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 15.387 | 5.424 | 20.811 | 3,9% | 85,6% |
| Reykjavík | 1.096 | 2.130 | 3.226 | 3,3% | 13,3% |
| Akureyri | 172 | 0 | 172 | 45,8% | 0,7% |
| Egilsstaðir | 63 | 0 | 63 | 28,6% | 0,3% |
| Aðrir flugvellir | 49 | 0 | 49 | 22,5% | 0,2% |
| **Alls** | **16.767** | **7.554** | **24.321** | **4,1%** | **100%** |

**** Herflug er innifalið.

Umsjón: Hagdeild Flugmálastjórnar Íslands